



Morgunblaðið/Ólafur K. Magnú

Dæmi er um kennara í framhaldsskóla sem segir „sem sagt“ allt að 180 sinnum í hverri kennslustund. Það á þó ekki við um kennara þessara barna í grunnskóla í Reykjavík 1972.

Ef þú sem sagt, sko, hérna villist af leið?

Ég veit mýmörg dæmi um fjölmiðlafólk sem nánast ómögulegt er að hlusta á vegna þess hversu hikorð eru algeng í máli þess. Í því sambandi má t.d. nefna fjölmiðlamann sem dregur seiminn í upphafi hverrar setningar og byrjar „alltaf“ á eeeee, líklega af því að hann hefur ekki ákveðið hvað hann ætlar að segja næst. Svo er það annar sem byrjar „alltaf“ á orðinu *hérna*, teygir a-ið og segir: „*Hédnaaaa*, hvað er nú títt í dag?“ Og loks veðurfréttakonan sem klýfur setningarnar með *ja* og ég heyrði segja um daginn: „*Ja*, það ætti að haldast *ja* þurrt *ja* fram eftir degi *ja* á morgun.“

Hikorðin koma almennt fyrir þegar mælendur hafa ekki skipulagt hugsun sína fyllilega og nota því hikorð til að fylla upp í óþægilega þögn á meðan hugsunin er formuð. Það er oft eins og mælendur séu hræddir við þögnina. Beri hugsanlega þann ótta í brjósti að athygli áheyrenda glatist, við svo sem tveggja sekúndna hlé á meðan þeir hugsa sig um.

Þáttagerðarmaður á ónefndri útvarpsstöð spurði viðmælanda sinn: „Ef þú sem sagt, sko, hérna villist af leið?“ Hann fléttaði saman þremur algengum hikorðum, þ.e. *sem sagt*, *sko* og *hérna* og úr varð níu orða setning þar sem þriðjungur orðanna voru hikorð. Það er raunar ansi vel í lagt en alls ekki óalgengt, sérstaklega við formlegar aðstæður og ef mælandinn er öruggur. Í þessa setningu hefði hæglega mátt bæta orðunum, *þarna*, eða *þannig* og jafnvel *þú veist* – eða *þúsd*. Og setningin þá hljómaði: „Ef *þú þarna*, *sem sagt*, *sko*, *hérna*, eða *þannig*, *þúsd* villist af leið?“ Setning sem vel gæti heyrst á einhverri útvarpsstöðinni.

Kennarar eins og fjölmiðlafólk eru í hópi þeirra sem ósparir eru á hikorð. Flestir eiga minningar um kennara sem „skreytir“ kennslu sína með slíkum orðum. Hikorðin skyggja á viðfangsefni kennslustundarinnar og nemendur hamast við að skrá þau hjá sér. Alltaf rétta einhverjir nemenda minna upp hönd þegar ég tala um hversu hvítleið

Tungutak

Ingibjörg B. Frimannsdóttir
ingfrim@hi.is



Almennt gerir mælandinn sér ekki grein fyrir að hann noti óþarflega mörg hikorð, en um leið og honum hefur verið bent á hikorðin í orðræðu sinni byrja þau að trufla og mælandinn dregur úr og fækkar þeim.

hikorð eru í máli manna og minnst kennara í ákveðnum framhaldsskóla á suðvesturhorninu sem segir *sem sagt* allt að 180 sinnum í hverri kennslustund.

Líklega nota allir hikorð í einhverjum mæli og það er ekkert sem bannar það svo fremi að þau komi ekki fyrir of oft og kerfisbundið. Hikorðin verði ekki að einhvers konar fasta í tjáningunni, komi alltaf fyrir á sama stað í setningunni og dragi þannig athyglina frá því sem er til umfjöllunar. Almennt gerir mælandinn sér ekki grein fyrir að hann noti óþarflega mörg hikorð, en um leið og honum hefur verið bent á hikorðin í orðræðu sinni byrja þau að trufla og mælandinn dregur úr og fækkar þeim.

Við notum ekki þennan ógnarfjölda hikorða í afslöppuðu spjalli við fjölskyldu og vini. Þá er eins og við gefum okkur meiri tíma og séum óhræddari við að þegja. Því þurfa þeir sem flytja mál sitt við formlegar aðstæður, t.d. fjölmiðlafólk og kennarar, að þora að þegja og þora að gefa sér tíma til að forma hugsun sína. Hlusta á hvað þeir segja og hvornig þeir segja það.

Kvennapólitísk list á Kjarvalsstöðum

Með viljann að vopni – Endurlit 1970–1980 er yfirskrift myndlistarsýningar sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag. Á sýningunni eru verk eftir 27 myndlistarkonur.

Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrun@mbl.is

Sögulegra tímamóta kvenfrelsisbaráttunnar verður minnst á sýningunni *Með viljann að vopni – Endurlit 1970–1980* sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag, laugardaginn 4. september. Á sýningunni eru verk eftir 27 íslenskar listakonur. Hrafnhildur Schram er sýningarstjóri.

„Áratugurinn 1970–1980, sem stundum hefur verið kallaður kvennaáratugurinn, hefst hér á landi með stofnun Rauðsokkasamtakanna og lýkur með kjöri Vigdísar Finnbogadóttur. Hann rammast skemmtilega inn af þessum tveimur sögulegu viðburðum,“ segir Hrafnhildur Schram. „Í haust eru 35 ár frá kvennafrídeginum, 40 ár frá því Auður Auðuns varð fyrsti kvenráðherrann, 80 ár frá því íslenskar konur hlutuðust til um að safna fé til að reisa Landspítalann og öld síðan íslenskar konur öðluðust kosningarétt í bæjar- og sveitarstjórnarkosningum.

Á þessum áratug var staða íslenskra myndlistarkvenna og íslenskra kvenrithöfunda að ákveðnu leyti svipuð hvað það varðar að það var viss áskorun til þessara kvenna að sýna í verkum sínum hið hversdagslega umhverfi á róttækan hátt. Markmiðið með þessari sýningu á Kjarvalsstöðum er að kanna hvaða áhrif femínisminn og hreyfingar frjálsrar myndlistar á borð við hugmyndalistina og nýja textílinn höfðu á kynslóð listakvenna sem þá voru að mótast.“

Tvær kynslóðir kvenna

Hluti af sýningarsalnum á Kjarvalsstöðum er tekinn fyrir fræðslu, íhugun

Markmiðið með þessari sýningu á Kjarvalsstöðum er að kanna hvaða áhrif femínisminn og hreyfingar frjálsrar myndlistar á borð við hugmyndalistina og nýja textílinn höfðu á kynslóð listakvenna sem þá voru að mótast.“

og miðlun. Þar verða sýndar tvær vídeómyndir, mynd um stofnun Rauðsokkasamtakanna og upptökur sjónvarpsins frá kvennafrídeginum fyrir 35 árum. Sýningarborð verður með plakötum, sýningarskrám, ljósmyndum og vitanlega eru þar upplýsingar um allar listakonurnar.

Sýningin er þemaskipt og verkin flokkuð eftir inntaki, svo sem: hughrif frá náttúrunni – pólitískar skírskotanir – heimilið og náttúru- og umhverfisvernd. Verkin eru sýnd í einum sal og val Hrafnhildar takmarkaðist að sjálfsögðu af þessu rými. „Ég valdi verk eftir 27 myndlistarkonur, flestar voru ungar þegar þessi áratugur gekk í garð en tvær í hópnum eru eldri og þannig eiga tvær kynslóðir kvenna verk á sýningunni.

Vitanlega voru mun fleiri konur að sinna myndlist á þessum tíma, örugg-

Þorvarður Hjálmarsson

Ástleitni blóma

Ástleitni blóma

umhugsunarlaust
á vegi
okkar

Jöklasóley

undrabjört

í öskufjúkinu
á eldfjallinu



Hrafnhildur Schram „Þetta er sögulegt yfirlit því það er komin ákveðin tímafjarlægð á myndlist kvenna frá þessu tímabili og hægt er að skoða hana af meira hlutleysi en áður.“

lega upp undir hundrað. Þetta er því ekki endanleg úttekt á listrænni starfsemi íslenskra kvenna á þessum tíma. En þetta er sögulegt yfirlit því það er komin ákveðin tímafjarlægð á myndlist kvenna frá þessu tímabili og hægt er að skoða hana af meira hlutleysi en áður.

Ég hef lagt áherslu á að flestar listgreinar séu sýnilegar: málverk, vefnaður, grafík, ljósmyndir, gjörningar. Þarna eru til dæmis ljósmyndir af gjörningi sem Rúrí framdi árið 1974 í Lækjargötunni, þegar hún braut niður gylltan Benz með sleggju. Hins vegar eru engar höggmyndir á sýningunni og það væri vert að gera höggmyndagerð kvenna skil á sérstakri sýningu.“

Kvennapólitísk list

Eru verkin á sýningunni áberandi pólitísk?

„Ég var ekkert sérstaklega að leita eftir pólitískum verkum. En þar sem konurnar unnu undir áhrifum frá femínismanum þá er list þeirra kvennapólitísk. Rauðsokkurnar voru að berjast fyrir afar merkilegum málum þótt þær væru mjög umdeildar. Í dag teljast baráttumál þeirra til sjálfsagðra mannréttinda. Þessi barátta skilaði sér í listsköpun kvenna og inn í hana blandast oft heimspólitík og barátta gegn herstöðinni á Miðnesheiði. Þannig skírskotun má til dæmis sjá hjá Hildi Hákonardóttur í teppinu hennar, Ísland úr NATO.“

Hvernig er staða íslenskra lista-kvenna í myndlist nútímans?

„Hún er sterk. Í dag eru konur um 75 prósent af listamönnum í SÍM, en kannski eru þær ekki eins sýnilegar og þær ættu að vera. Safneign Listasafns Íslands og Listasafns Reykjavíkur ætti vitaskuld að endurspeglar þetta hlutfall en gerir það ekki, sem er mjög miður.“



Róska, Lifi frelsið, 1973

27 lista-konur

Á sýningunni Með viljann að vopni – Endurlit 1970–1980, eru verk 27 listakvenna.

- Þær eru:
- Anna Þóra Karlsdóttir,
 - Ása Ólafsdóttir,
 - Ásgerður Búadóttir,
 - Ásta Ólafsdóttir,
 - Björg Þorsteinsdóttir,
 - Borghildur Óskarsdóttir,
 - Edda Jónsdóttir,
 - Edda Óskarsdóttir,
 - Elísabet Haraldsdóttir,
 - G. Erla (Guðrún Erla Geirsdóttir),
 - Hildur Hákonardóttir,
 - Jóhanna Bogadóttir,
 - Margrét Jónsdóttir,
 - Messíana Tómasdóttir,
 - Ragnheiður Jónsdóttir,
 - Róska (Ragnhildur Óskarsdóttir),
 - Rúna (Guðrún Þorkelsdóttir),
 - Rúna (Sigrún Guðjónsdóttir),
 - Rúrí, Sigrún Eldjárn,
 - Sigrún Sverrisdóttir,
 - Steinunn Bergsteinsdóttir,
 - Steinunn Marteinsdóttir,
 - Svala Sigurleifsdóttir,
 - Valgerður Bergsdóttir,
 - Þorbjörg Höskuldsdóttir og
 - Þorbjörg Þórðardóttir.